

**Fertugasti fundur Heilbrigðisnefndar Kjosarsvæðis var haldinn þann 4. október 2018 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.**

**Mætt:** Hafsteinn Pálsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Magnús Rúnar Dalberg, Sigríður Klara Árnadóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir, Valborg Anna Ólafsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson, sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

### 1. Umsóknir um starfsleyfi, markaðsleyfi og tóbaksöluleyfi

#### Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Guðbjörg Björgvinsdóttir sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Ballettskóla Guðbjargar Björgvins að Eiðistorgi 11 á Seltjarnarnesi.  
*Samþykkt til 12 ára með vísan í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum.*
- b. Baldur Pálsson f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um starfsleyfi vegna breytinga á húsnæði fyrir Leikskólann Mánabrekku við Suðurströnd á Seltjarnarnesi. Bætt er við tveimur nýjum leikskóladeildum á lóðinni í færanlegu húsnæði.  
*Samþykkt til 4 ára með vísan í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum og með fyrirvara um samþykki byggingarfulltrúa vegna færanlega húsnæðisins.*
- c. Óskar Ericsson f.h. Brunnur Distillery ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir framleiðslu á áfengi að Desjamýri 8 í Mosfellsbæ.  
*Samþykkt til 12 ára með vísan til laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum.*
- d. Birgir Björnsson sækir um starfsleyfi fyrir Stálhöndina ehf. tannlæknastofu að Háholti 14 í Mosfellsbæ.  
*Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára þann 4. september 2018 með starfsleyfisskilyrðum fyrir tannlæknastofur.  
Staðfest.*
- e. Kristján Viborg sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Kopar og Zink ehf. blikksmiðju að Flugumýri 30 Mosfellsbæ.  
*Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfið til 12 ára þann 7. september 2018 með almennum starfsleyfisskilyrðum sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 582/2000.  
Staðfest.*
- f. Sigurþór Gíslason sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir vatnsbóli vegna matvælaframleiðslu að Meðalfelli í Kjós.  
*Samþykkt til 12 ára með tilvísun í reglugerð nr. 536/2011 um neysluvatn með síðari breytingum.*
- g. Sigurður Þórðarson f.h. Reykjagarðs hf. sækir um markaðs- og götusöluleyfi fyrir sölu á kjúklingabitum og súpu á Varmárvæði á bæjarhátíðinni í Mosfellsbæ þann 25. ágúst 2018.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 24. ágúst 2018 með vísan til laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum.

*Staðfest.*

- h. Aðalbjörn Jónsson f.h. Matfugls ehf. sækir um markaðs- og götusöluleyfi fyrir sölu á kjúklingabítum og súpu á Varmárvæði á bæjarhátíðinni í Mosfellsbæ þann 25. ágúst 2018.

Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 23. ágúst 2018 með vísan til laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum.

*Staðfest.*

- i. Höskuldur Pálsson f.h. Ísfugls ehf. sækir um markaðs- og götusöluleyfi fyrir sölu á kjúklingabítum og súpu á Varmárvæði á bæjarhátíðinni í Mosfellsbæ þann 25. ágúst 2018.

Heilbrigðiseftirlit samþykkti leyfið þann 22. ágúst 2018 með vísan til laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum.

*Staðfest.*

- j. Aðalbjörn Páll Óskarsson sækir um tímabundið starfsleyfi til niðurrifs á þaki úr asbesti að Kirkjubraut 13 á Seltjarnarnesi.

Heilbrigðiseftirlitið gaf út tímabundið leyfi þann 4. september. Gildistími leyfis er til 30. september 2018 og starfsemin er bundinn starfsleyfisskilyrðum fyrir tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifs húsa og annarra mannvirkja.

*Staðfest.*

### 2. Umsagnir um skipulagsmál.

- a. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 24. ágúst 2018 þar sem óskað er umsagnar um lýsingu verkáætlunar skipulagsáætlunar vegna breytingar á aðalskipulagi Mosfellsbæjar vegna breytingar á landnotkun á tveimur skikum í landi Dallands. Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 17. september 2018.

- b. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 24. ágúst 2018 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulagslýsingu fyrir væntanlegt deiliskipulag yfir Vesturlandsveg og veghelgunarsvæði frá gatnamótum við Skarhólabraut að gatnamótum við Reykjaveg.

Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis dagsett 17. september 2018.

- c. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 27. september 2018 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulagslýsingu fyrir væntanlegt deiliskipulag fyrir iðnaðarlóð fyrir vatnsgeymi ásamt aðkomuvegi frá Skarhólabraut. Frestur til að gera athugasemdir er til 22. október 2018.

- d. Lagt fram tölvubréf Reykjavíkurborgar dagsett 23. ágúst 2018 þar sem óskað er umsagnar um drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 ásamt drögum að umhverfisskýrslu varðandi iðnaðarsvæði fyrir efnisvinnslu í Álfsnesvík.

Heilbrigðiseftirlitið fyrirhugar að sækja opinn fund um tillöguna sem boðað er að verði haldinn og gera athugasemdir við tillöguna í framhaldinu.

### 3. Fjárhagsáætlun 2019.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2019.

*Samþykkt.*

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### 4. Önnur mál.

- a. Lögð fram skýrsla Orku náttúrunnar. H<sub>2</sub>S loftgæðamælingar við Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun. Skýrsla um mælingar fyrir janúar til og með júní árið 2018.
- b. Lögð fram skýrsla Orku náttúrunnar. H<sub>2</sub>S loftgæðamælingar í Norðlingaholti, Hveragerði og Lækjarbotnum. Skýrsla um mælingar fyrir janúar til og með júní árið 2018.
- c. Upplýst var um ágreiningsmál sem Fylkir ehf. hefur háð gegn Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis. Málið verður dómtekið í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 12. október nk.
- d. Upplýst að álímingarmiðar fyrir númerslausa bíla hafa verið uppfærðir miðað við gildandi löggjöf og prentaðir á ný.

Fundi slitið kl: 18:30.